

Fundur umhverfis- og skipulagsráðs, 3. apríl 2024:

Fyrirspurn áheyrnarfulltrúa flokks fólksins:

Fyrirspurn:

Fulltrúi Flokks fólksins óskar eftir skýringum á því af hverju búið er að fjarlægja pappa og plastgáma úr nýuppsettu sorpgerði í Bólstaðarhlíð.

Greinargerð

Fulltrúar flokksins hafa undanfarið orðið var við mikla óánægju á meðal íbúa í hverfinu með þá ráðstöfun að fjarlægja pappa og plastgáma úr ný uppsettu sorpgerði í Bólstaðarhlíð. Í staðinn var settur einn gámur undir málm og íbúum sagt að fara með allan pappír og plast í viðeigandi gáma við Kjarvalsstaði.

Þessi ákvörðun hefur haft afleiðingar til hins verra fyrir íbúa hverfisins. Fólk þarf núna að keyra með heimilis pappa og plast borgarendana á milli vegna þess að viðeigandi gámar við Kjarvalsstaði eru ávallt fullir og anna engan veginn því sem frá fellur á þessu stóra svæði. Einnig hefur umgengni við sorpgerðið í Bólstaðarhlíð versnað þar sem fólk er að skilja eftir í pokum það sem áður var sett í gámana með tilheyrandi sóðaskap og rusli sem fýkur um hverfið.

Mikilvægt er að benda á að nóg af plássu er að finna í sorpgerðinu við Bólstaðarhlíð og því vel hægt að hafa þarna gáma fyrir bæði pappa, plast, málm og gler.